



Reykjavík 15. nóvember 2018

ÚRSKURÐUR – Mál 2018/03

Stjórn KLÍ tekur sæti í Aganefnd þar sem aðildarfélög hafa ekki tilkynnt nefndaramenn fyrir tímabilið 2018 – 2019.

Umrætt mál er vegna dómarskýrslu sem barst frá Guðlaugi Valgeirssyni dags. 31.10.2018 þar sem segir að leikmenn ÍR KLS hafi ekki verið í eins bolum í leik þeirra á móti KFR Grænu töffurunum 30.10.18. Leikmenn ÍR KLS voru tveir í nýjum búning sem er með svartar herðar og dökkgráan búk en einn leikmaður ÍR KLS var í svörtum bol frá fyrra tímabili. Leikmenn KFR Grænu töffaranna voru í sínum dökkbláu bolum.

Með reglugerðabreytingu sem lögð var fyrir ársþing KLÍ 2018 var gerð sú breyting að dómgæsla í deildarleikjum færi á fyrirliða eða fulltrúa liðs í leikjum. Þar sem þetta var leikur KFR Grænu töffara gegn ÍR KLS er það mat aganefndar að dómarskýslan hefði átt að koma frá KFR Grænu töffurunum.

Úrskurðarorð  
Málinu vísað frá.

F.h. stjórnar KLÍ,  
Jóhann Ágúst Jóhannsson formaður KLÍ